

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1073  
komudagur 16.2.2010

NASDAQ OMX<sup>SM</sup>

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. febrúar 2010  
Tilvísun 111  
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 343. mál.**

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis, dags. 3. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 343. mál.

Kauphöllin fagnar því að ofangreint frumvarp hafi verið lagt fram og telur þar margt að finna sem er vel til þess fallið að styrkja fjármálamarkaðinn á Íslandi. Þá hvetur Kauphöllin til þess að þær reglur, sem kveðið er á um að verði settar af hálfu Fjármálaeftirlitsins, verði settar sem fyrst og þeim framfylgt. Það yrði til þess fallið að styrkja lagaumgjörðina um fjármálamarkaðinn.

Kauphöllin mælir með að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu:

1. *Eignarhald á helstu fjármálafyrirtækjum landsins verði gagnsætt.* Kauphöllin telur rétt að fjármálafyrirtæki yfir tiltekinni stærð verði gert skylt að gera opinberlega grein fyrir eignarhaldinu á fyrirtækinu. Jafnframt verði umræddum fyrirtækjum gert skylt að skýra frá breytingum á eignarhaldinu með skipulegum hætti. Það fer ekki á milli mála að gagnsæi um eignarhald á mikilvægustu fjármálafyrirtækjum landsins gæti stuðlað að því að efla traust og trú almennings á fjármálalífi þjóðarinnar. Í frumvarpinu er látið nægja að Fjármálaeftirlitið hafi slíkar upplýsingar, eða geti krafist þeirra, innan þeirra marka sem þar er kveðið á um (33. og 34. gr.). Hér er gengið skrefinu lengra og lagt til að stærri fjármálafyrirtæki hafi samkvæmt nánari reglum upplýsingar um eignarhaldið og breytingar á því opinberar og aðgengilegar. Við blasir að einfaldast væri að styðjast við þau viðmið sem fram koma í IX. kafla laga nr. 108/2007 um verðbrefaviðskipti, þ.e. reglur um flagganir, þrátt fyrir að fjármálagerningar viðkomandi fjármálafyrirtækis séu ekki í viðskiptum á skipulegum verðbrefamarkaði.

Eins og gefur að skilja er það einkar mikilvægt að stóru fjármálafyrirtækin gefi upplýsingar af þessu tagi. Því virðist eðlilegt að takmarka skyldu þessa við nánar tilgreinda stærð. Ýmsir mælikvarðar koma til álita í því skyni, t. a. m. viðmið við landsframleiðslu, sem fæli þá í sér einhvers konar mat á þýðingu fyrirtækisins fyrir fjármálakerfið. Einnig mætti notast við viðmið sem gefin eru í lögnum, þ.e. tiltekna gerð af fjármálafyrirtækjum (s.s. viðskiptabankar, sparisjóðir eða lánastofnanir) eða mismunandi kröfur um eigið fé. Skoða þyrfti nánar hvaða viðmið þættu skynsamlegust í þessu skyni.


2. *Fjármálafyrirtæki taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtæja.* Eins og dæmin sanna hafa fjármálafyrirtækin mikla þjóðhagslega þýðingu og fyrir vikið er ástæða til að gera ríkar kröfur til þeirra um stjórnun og heilbrigða viðskiptahætti. Þessi áhersla birtist m. a í 10. gr frumvarpsins þar sem gert rer ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Kauphöllin telur ástæðu til að bæta hér við að fjármálafyrirtækjum beri að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (e.

corporate governance). Þetta má til dæmis gera með því að bæta við nýrri málsgrein sem kæmi fremst í 10. gr. frumvarpsins. Málsgreinin gæti verið á þessa leið:

*Fjármálafyrirtækjum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Í því skyni skulu þau m. a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækisins í sérstökum kafla í ársreikningi þess eða ársskýrslu. Jafnframt skal fyrirtækið tileinka sérstakan hluta af vefsíðu sinni góðum stjórnarháttum og birta þar stjórnarháttayfirlýsingu þess og fleiri gögn.*

Kauphöllin telur að þessar tillögur um breytingar myndu styrkja frumvarpið og gera það líklegra til að ná tilgangi sínum. Kauphöllin er að sjálfsögðu reiðubúin til að skýra tillögurnar nánar og ræða útfærslur á þeim ef nefndin óskar eftir því.

Virðingarfyllst,

  
Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,  
lögfræðingur.